

**94** gerð þessari. Undanþágu frá þessu má þó veita, sé trygging, er hafnarnefnd tekur gilda, 21. ágúst sett fyrir greiðslunni.

37. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggji við eftir almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

38. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Höfðakaupstað, nr. 209 18. nóvember 1947.

*Samgöngumálaráðuneytið, 21. ágúst 1961.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**95**

21. ágúst

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 48 21. marz 1955,  
um stýrimannaskólann í Reykjavík.

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Aðgang að skólanum geta nýir nemendur ekki fengið eftir að kennsla er byrjuð. Þó má skólastjóri, þegar sérstaklega stendur á, veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Nú sannar umsækjandi með prófi, að hann hafi þá kunnáttu, sem fyrsti bekkur fiskimanna- eða farmannadeildar veitir, og má þá setja hann í síðari bekk fiskimannadeildar, eða í annan bekk farmannadeildar, eftir því sem við á.

Í janúarlök ár hvert skulu nemendur í fyrra bekk fiskimannadeildar ganga undir próf í íslenzku, dönsku, ensku og stærðfræði og í marzlök ár hvert skulu nemendur í 1. bekk farmannadeildar ganga undir próf í sömu námsgreinum, og auk þess í siglingafræði, siglingareglum og eðlisfræði. Próf þessi skulu haldin af kennurum skólans, og þeir einir, sem standast próf, verða fluttir í eldri deild að hausti. Þegar sérstaklega stendur á og kennurum skólans ber saman um, að nemandi hafi næga kunnáttu í þessum námsgreinum, getur skólastjóri þó veitt honum undanþágu frá prófi.

Til þess að standast próf þarf einkunnina 4 í skriflegri stærðfræði, skriflegri siglingafræði, siglingareglum og í íslenzkri ritæfingu, og einkunnina 3 í skriflegri eðlisfræði, munnlegri dönsku og munnlegri ensku, enda sé miðað við sama einkunnastiga og við burtfararpróf.

Próf þessi má einnig halda, áður en skólinn tekur til starfa að haustinu, og er kennurum skólans heimilt að halda áður tveggja vikna námskeið við skólann í fyrrgreindum námsgreinum, einni eða fleiri.

Þá skal og halda próf upp úr 2. bekk farmannadeildar í lok marzmánaðar ár hvert. Prófið skal haldið af kennurum skólans, og skal prófað í þessum náms-

greinum: Stærðfræði, siglingafræði, íslenzku, dönsku, ensku, siglingareglum og skipa-  
gerð.

95

21. ágúst

Til þess að standast prófið þarf nemandinn að fá einkunnir sem hér segir:

Í stærðfræði, minnst 4 stig fyrir eina skriflega úrlausn.

Í siglingafræði, minnst 8 stig fyrir 2 skriflegar úrlausnir.

Í íslenzku, minnst 4 stig fyrir eina skriflega úrlausn.

Í siglingareglum, minnst 4 stig fyrir eina munnlega úrlausn.

Í meðaleinkunn, minnst 4 stig.

Farið skal eftir sama einkunnastiga og við burtfararpróf.

Þeir einir, sem standast þetta próf, verða færðir í 3. bekk farmannadeildar að hausti. Þegar sérstaklega stendur á, og kennurum ber saman um, að nemandi hafi næga kunnáttu í þessum námsgreinum, getur skólastjóri þó veitt honum undanþágu frá þessu prófi.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 5 14. marz 1955, um stýrimanna-  
skólann í Reykjavík og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur niður 1. gr. reglugerðar nr. 176 6. október 1960, um breytingu  
á reglugerð nr. 48 21. marz 1955.

*Samgöngumálaráðuneytið, 21. ágúst 1961.*

**Gylfi P. Gíslason.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## AUGLÝSING

96

23. ágúst

um breytingu á reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil og fleira  
nr. 19 23. janúar 1961.

3. málsgrein 26. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Í upprekstrarfélögum Skaga-, Höfða-, Vindhælis- og Engihlíðarhreppa sé fyrri  
rétt mánudag og þriðjudag í 22. viku sumars. Síðari rétt sé þar sunnudag og mánu-  
dag í 23. viku sumars.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið  
og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna nr. 12  
31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim,  
sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 23. ágúst 1961.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*